



Hafnarfjörður

**VSÓ** RÁÐGJÖF



## **UPPBYGGING Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA**

Viðbrögð við umsögnum um deiliskipulag

24. júní 2021



## Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Umsagnir og athugasemdir um deiliskipulag	2
2.1	Veitur	2
2.2	Hulda Hákonardóttir	2



## 1 Inngangur

Hér er gerð grein fyrir viðbrögðum Hafnarfjarðarbæjar við umsögnum og athugasemdum eftirtalinna aðila um deiliskipulag á uppbyggingu á Íþróttasvæði Hauka:

- Veitur
- Hulda Hákonardóttir

Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni í viðauka.

## 2 Umsagnir og athugasemdir um deiliskipulag

### 2.1 Veitur

Í umsögn segir:

1. „Umhverfis og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir breytingu á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1. Breytingin felur meðal annars í sér að fjölnota 13.050m<sup>2</sup> knatthús verði staðsett nyrst á lóðinni ásamt fleiri breytingum. Veitur eiga og reka dreifikerfi hitaveitu á svæðinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri: 350mm stofnlögn hitaveitur liggur í gangstétt milli Haukatorgs og Ásatorgs og áfram til austurs meðfram reitnum. Göngustígur sem fyrirhugaður er á meðfram fjölnota völlum kemur einnig til með að þvera lagnir Veitna og benda Veitur á að mikilvægt að verja lagnirnar fyrir raski á meðan á framkvæmdum stendur. Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið verði í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar.“

**Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar:** Hafnarfjarðarbær þakkar fyrir ábendinguna og mun vinna í góðu samráði við Veitur við frekari hönnun og á framkvæmdatíma. Að öðru leyti krefst umsögnin ekki viðbragða.

### 2.2 Hulda Hákonardóttir

Í umsögn segir:

2. „Undirrituð vísar til fyrri athugasemda um mat sveitarfélagsins dags. 14.10.2020. Undirliggjandi eru veigamiklir hagsmunir og þ.a.l. gerðar ríkar kröfur til sveitarfélagsins til að kanna til hlítar allar raskanir sem breytingin kann að hafa. Þetta hefur einfaldlega ekki verið gert með þeirri umhverfisskýrslu sem nú liggur fyrir. Sú umhverfisskýrsla sem sveitarfélagið leggur fram með endurauglýsingunni er vanreifuð. Skýrslan er rýr og hvergi aflað annarra sjónarmiða en hjá sveitarfélaginu sjálfu, sem hefur sjálft þann eina tilgang og markmið, að færa til innan svæðisins og reisa alveg upp við friðlandið gríðarlega stórt mannvirki.

Það mat sem skýrslan á að setja fram svarar ekki áleitnum spurningum um áhrif hárræist mannvirkis á vatnabúskap Ástjarnar og lífríki hennar. Fullyrðingar í skýrslunni um óveruleg neikvæð áhrif á umhverfispætti eru vanreifaðar og ekki studdar fullnægjandi rökum og gögnum. Framkvæmdin gengur beint gegn skilmálum fyrirliggjandi friðlýsinga á svæðinu.

Í skýrslunni er ekki að finna fullnægjandi mat og hún vanreifuð um mengunaráhættu, breytingar á vatnsflæði eða vatnsborði, áhrif á lífverur á friðlýsta svæðinu, útbreiðsla framandi tegunda, hávaði eða annars konar truflun á svæðinu. Hvergi er í skýrslunni með skilyrðum tryggt að framkvæmdin (til lengri og skemmri tíma) gangi ekki gegn líffræðilegri fjölbreytni með umhverfisvænni og sjálfbærri þróun á hinu friðlýsta svæði. Kynntar ætlaðar mótvægisáðgerðir ganga alltof skammt enda byggja þær á ófullnægjandi mati á áhrifum breytinganna fyrir svæðið og lífríkið. Til að mynda er með órökstuddra fullyrðingar um að mannvirkið gangi ekki gegn skilmálum friðlýsingar svæðisins og hafi ekki áhrif á



*flokkun Ástjarnar sem ósnortið vatn. Ekkert orsakasamhengi er milli þeirrar umfjöllunar sem finna má og hugsanlegra afleiðinga fyrir svæðið og lífríki þess.“*

#### **Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar:**

Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir með að skýrslan sé vanreifuð, þvert á móti er farið ítarlega í áhrif knatthússins t.a.m. á vatnafar, jarðmyndanir, landslag og ásynd. Í umhverfisskýrslu hefur verið gerð grein fyrir og lagt mat á áhrif mannvirkja á umhverfið með tilliti til stærðar þeirra, samlegðar með öðrum framkvæmdum, landnýtingar, mengunar og ónæðis. Gerð er grein fyrir verndargildi svæðis og lagt mat á umfang áhrifa, tímalengd og líkur á áhrifum.

Lagðar eru fram mótvægisáðgerðir og verklag skilgreint til að koma í veg fyrir mengun og áhrif á vatnsflæði í tjörnina. Við mótun matskyldufyrirspurnar og umhverfisskýrslu deiliskipulags og undirbúningi fyrir hönnun hússins hefur verið lagt til að undirstöðum knatthússins verði breytt í þeim tilgangi að draga úr áhættu á áhrifum á vatnafar Ástjarnar. Með áhættuminnkandi aðgerðum og mótvægisáðgerðum sem kynntar eru mun jarðrask ekki ná niður fyrir hæst grunnvatnsyfirborð og dregið er mjög úr áhættu á mengun frá framkvæmdasvæði á framkvæmdatíma. Þær mótvægisáðgerðir og áhættuminnkandi aðgerðir sem kynntar eru munu einnig draga úr mögulegum áhrifum byggingarinnar og jarðraski í tengslum við byggingu hennar á lífríki, gróður friðlandsins og líffræðilega fjölbreytni. Eftirlit verður með framkvæmdum á framkvæmdatíma.

Lýsing og mögulegur hávaði frá svæðinu er þegar til staðar og gert er ráð fyrir óverulegri breytingu á því eftir að framkvæmdum lýkur. Hvað varðar hávaða á framkvæmdatíma hefur í skýrslunni verið lagt til sem mótvægisáðgerð að hávaðasamar framkvæmdir fari ekki fram á meðan á viðkvæmum varptíma stendur (1. maí - 15. júlí). Með fyrirhugaðri færslu á knatthúsi, færast knatthúsið til norðausturs, þar sem nú er knattspyrnuvöllur. Það verður því að teljast líklegra að það dragi úr hávaða næst Ástjörninni en að hann aukist frá því sem nú er.

Hafnarfjarðarbær tekur ekki undir að skýrslan hafi að geyma órökstuddar fullyrðingar um að mannvirkid gangi ekki gegn skilmálum friðlýsingar svæðisins og hafi ekki áhrif á flokkun Ástjarnar sem ósnortið vatn. Skýrslan fer vel yfir þá skilmála sem gilda um friðlandið (kaflí 3.2) og ítarlega farið yfir þær breytingar sem lagðar eru til við hönnun hússins til að koma í veg fyrir áhrif á vatnafar og þar sem friðlýsingu Ástjarnar (kaflí 5.2). Einnig kemur fram að Hafnarfjörður hefur lýst því yfir að stefnt verði að því að halda tjörninni í flokknum ósnortið vatn og ítarlega kynntar mótvægisáðgerðir og áhættuminnkandi aðgerðir til þess að því markmiði verði náð.

Í umsögn segir:

*„Í fyrirbyggjandi umhverfisskýrslu segir í kafla 5.3: „Fjölnota knatthúsið kemur til með að verða áberandi kennileyti á svæðinu og á það við um báða valkosti.“ Einnig segir þetta: „Sem fyrr segir kemur knatthúsið til með að verða áberandi kennileiti á svæðinu. Ásynd svæðis mun breytast en framkvæmdir falla þó að helstu einkennum þess, þ.e. þéttbýlt og manngert umhverfi. Áhrif valkosta eru metin óveruleg til neikvæð.“ Undirrituð gerir athugasemd við framangreint. Hafa skal í huga að með breytingunni á að færa rísa mannvirki nær friðlýstu útivistarsvæði og snúa lengri endanum að svæðinu. Augljóslega hefur það neikvæðari áhrif á landslag og ásynd heldur en ef húsið væri fjær friðlýsta svæðinu eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir. Þá er gjörsamlega óskiljanlegt hvernig komist er að þeirri niðurstöðu að áhrifin á landslag og ásynd séu metin óveruleg til neikvæð eins og gert er í skýrslunni. Um er að ræða eitt stærsta mannvirki á höfuðborgarsvæðinu sem er verið að færa nær og alveg upp við friðlýst útivistarsvæði. Framkvæmd þessi fellur með engum hætti að einkennum þessa svæðis þar sem má finna óspillta náttúru. Hvorki íbúðabyggð í kring eða íþróttasvæði Hauka (þar sem jafnvel*



*stendur í dag íþróttahús) standa undir slíkum fullyrðingum að risa mannvirki „falli“ vel að einkennum þess.“*

**Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar:** Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu er ljóst að breyting verði á ásýnd svæðisins með tilkomu knatthúss. Þá ber að geta þess að gildandi skipulag gerir ráð fyrir knatthúsi. Íþróttasvæði Hauka hefur verið á skipulagi í mörg ár og hefur uppbygging þess verið í samræmi við þarfir og íbúafjölgun. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stærstum hluta manngert þar sem byggð hafa verið mannvirki fyrir íþróttastarf. Ásýnd svæðisins mun breytast, en Hafnarfjarðarbær hefur litið til þess og hugað m.a. að núverandi skjólbelti sem umlykur íþróttasvæðið. Auk þess eru fjölmörg mannvirki í nágrenninu, s.s. tvöföld Reykjanesbraut, Ásbraut, íþróttahús Hauka og íbúðarbyggð. Þannig að nærumhverfi Ástjarnar er mjög manngert, sem að mati Hafnarfjarðarbæjar, dregur úr umfangi sjónrænna áhrifa.

Í töflu 5.2 í skýrslunni má sjá hvernig vægiseinkunnir umhverfisþátta eru metin. Áhrifin á landslag og ásýnd eru metin óveruleg til neikvæð, þó að framkvæmdin muni vissulega breyta ásýnd svæðis þá er ekki hægt að segja að breytingin sé veruleg þar sem um er að ræða nýja byggingu á þegar byggðu svæði. Áhrif framkvæmdar á landslag og ásýnd liggja ljós fyrir, þar sem birtar hafa verið ásýndarmyndir fyrir og eftir framkvæmd (sjá fleiri ásýndarmyndir hér að neðan). Það er mat bæjarins að bygging mannvirkis í þéttbýli, sem er í samræmi við landnotkun og er hluti af manngerðu umhverfi, geti ekki talist hafa veruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd.





Í umsögn segir:

3. „Það er í reynd fásinna að horfa á sveitarfélagið, fyrir aura og krónur, ætla að stofna lífríki og náttúruperlu Hafnarfjarðar og höfuðborgarsvæðisins í þá hættu sem nú vofir yfir. Allir hagsmunir í þessu máli renna í sömu átt, þ.e. að vandað sé til verka sem kostur er, þar sem fullnægjandi og óháð mat sé gert á hugsanlegum áhrifum á umhverfið og lífríki svæðisins. Ýrtrustu varúðar skal gæta svo svæðinu og lífríki þess verði ekki spillt.

Gerð er athugasemd við að sveitarfélagið sjái ekki sóma sinn í því að ganga lengra en orðalag friðlýsinga sem eru komnar til ára sinna og flestum ljóst að voru ekki settar fram í því umhverfi sem við þekkjum í dag. Sveitarfélagið ætti, við beitingu skipulagsvalds, að vera í forystu um náttúruvernd og sjálfbæra þróun. Á hinn bóginn leggur það, í annað skiptið, fram vanreifað mat um áhrifin sem lífverur og vatn getur orðið fyrir á svæðinu.

Undirrituð telur umrætt mat í umhverfisskýrslu Hafnarfjarðarbæjar frá 7.2.2021 ekki uppfylla skilyrði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að lokum gerir undirrituð athugasemd við lokamálsgrein skýrslunnar, sbr. einnig kafla 6 og 6.1. Þar segir að áhrifin geti ekki talist umtalsverð í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Undirrituð mótmælir þessu enda hefur sveitarfélagið engar forsendur til að fullyrða um þetta þegar ekki liggur fyrir fullnægjandi mat um áhrifin. Undirrituð telur þannig þvert á móti skýrar vísbendingar um að þetta risastóra mannvirki, alveg á mörkum friðlandsins, fali í sér umtalsverð neikvæð áhrif og falli undir mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Undirrituð áskilur sér fullan rétt til að kæra þá niðurstöðu sveitarfélagsins sérstaklega ef sveitarfélagið lætur ekki fara fram mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög.“

**Viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar:** Íþróttasvæði Hauka hefur verið á skipulagi í mörg ár og hefur uppbygging þess verið í samræmi við þarfir og íbúafjölgun. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að stærstum hluta manngert þar sem byggð hafa verið mannvirki fyrir íþróttastarf. Sveitarfélagið leggur áherslu á náttúruvernd og sjálfbæra þróun enda hefur á hönnunar- og skipulagsstigi verið brugðist við með áhættuminnkandi aðgerðum og mótvægisáðgerðum. Ítarlega hefur verið farið í möguleg áhrif framkvæmda í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.

Umhverfisskýrsla uppfyllir öll skilyrði sem koma fram í 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Gerð er grein fyrir líklegum áhrifaþáttum framkvæmdar, hvaða



Þættir í umhverfinu eru líkleg til að verða fyrir áhrifum, hvort framkvæmd fari um eða nálægt svæðum sem hafa náttúruverndargildi og hvort áætlunin hafi áhrif á umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt. Valkostagreining hefur farið fram og færð rök fyrir framlögðum aðalvalkosti sem sveitarfélagið leggur til. Jafnframt er mögulegum mótvægisáðgerðum gerð ítarleg skil þar sem leitað er leiða til að koma í veg fyrir eða draga úr mögulegum áhrifum deiliskipulagsins.

Umhverfisskýrslan er jafnframt í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ekki er farið gegn skilmálum sem fram koma í friðlýsingu Ástjarnar. Varðandi rask á eldhrauni sem nýtur sérstakar verndar samkvæmt 61. gr er munur talinn óverulegu milli valkosta og hefur Hafnarfjarðarbær fært rök fyrir brýnni nauðsyn uppbyggingarinnar og að mati sveitarfélagsins fellur það undir almannahagsmunum að geta boðið börnum og unglíngum aðstöðu til að stunda íþróttir. Aðrir kostir hafa verið skoðaðir í samræmi við náttúruverndarlög sem fælust þá í að leita svæða utan íþróttasvæðis Hauka. Ekki er vitað um ákjósanlegri svæði í nágrenninu og það er ekki áhugi eða ávinningur að byggja upp íþróttaaðstöðu víða á Völlunum. Vegna umfangs eldhrauns á svæðinu verður það jafnframt að teljast mjög líklegt að aðrir staðarkostir hefðu ekki minni áhrif á eldhraun.

Við afgreiðslu máls verður farið eftir þeim ákvæðum sem fram koma í lögum um umhverfismat áætlana og lögum um náttúruvernd.

Samhliða vinnu við deiliskipulag hefur Hafnarfjarðarbær sent inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar um framkvæmdina í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er það mál í umsagnarferli. Hafnarfjarðarbær mun vinna í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar.